

ÍSLENSK FRAMSÓKN

Bergsons berühmter élan vital, ist eine an Philosophie grenzende Geistreichheit. Mit dem Ausdrücke Lebensladung, charge vitale, ist man aber auf den Weg der Wissenschaft gelangt.

I

Nýkominn til bæjarins hitti ég á götu prófessor Harald Níelsson. Þessi frægi maður, — er mun þó verða ennþá miklu frægari sem stjörnulíffræðingur heldur en hann er sem spíritisti — segir mér, að nafnkunnur miðill, Eva C., hafi farið líkar ófarir og danski miðillinn Einer Nielsen fór í Kristjáníu, og að „nú kætist móría mjög“ (eða heteromórían, eftir því sem ég mundi fremur vilja að orði kveða).

Satt að segja, þá hafði ég hálfvegis búist við einhverjum slíkum fréttum. Og ófarir Einars Nielsen, sem dönskum spíritistum og öðrum, var svo mikil skapraun að, höfðu heldur ekki komið mér alveg á óvart. Ástæðan er sú, að ég hefi nokkra reynslu fyrir mér í því, að þegar ekki eru þegin mín ráð í þessu máli, þá er óhappa von. En sumarið 1921 hafði ég reynt til að hafa nokkur áhrif á sálarrannsóknabíngið, sem haldið var í Kaupmannahöfn. Mér var boðið á þing þetta, og gat ég að vísu ekki farið, en með nokkrum kjarnyrðum á þýsku og dönsku, er sum voru símuð en sum skrifuð, reyndi ég að þoka þinginu í vísindaáttina og gera þingmennina að stjörnulíffræðingum. Auðvitað tókst þetta ekki, og auðvitað hafði ég í máli þessu alls engan stuðning af mínum merka landa, prófessor Haraldi, og hafði heldur ekki við því búist, þrátt fyrir það mikla álit sem ég hefi á gáfum hans og einurð. Prófessor Haraldur var eini Íslendingurinn, er þing þetta sótti.

II

Einnig í Frakklandi hafa menn átt þess nokkurn kost að hafa not af íslenskri líffræði. Svo stóð á, að ég þurfti að

skrifa hinum ágæta sænska eðlisfræðingi og heimsfræðingi, prófessor Svante Arrhenius. Kom mér þá í hug, að skýra honum nokkuð frá líffræði minni og heimsfræði. Ég hefi því miður ekki lært að skrifa sænsku, en Svíum hættir við fremur að misskilja, ef skrifuð er danska, og skrifaði ég því á ensku. En Arrhenius sýndi hver gáfumaður hann er, með því að senda prófessor Richet bréfið. Richet er nú gamall orðinn, og talinn einn af fremstu mönnum í lífeðlisfræði, Nobelsverðlaunamaður eins og Arrhenius. Ég fann það á því sem próf. Richet síðan skrifaði mér, að hann hafði ekki lesið bréf mitt — sem að vísu var alllangt — nógu vandlega, og kom mér það síst á óvart, því að ég geri ráð fyrir, að hinn frægi öldungur hafi varla munað eftir, að það sé nokkuð til er heitir Ísland, og að öllu öðru hafi hann fremur átt von á, en höfuðuppgötunum úr þeirri átt. En mér kom í hug, þegar ég fann, hversu dauflega máli mínu var tekið, hvort ekki mundi hinum ágæta öldungi koma einhver bending um, að þó væri hollara að þiggja þau ráð sem honum bærust norðan frá eylandi því, sem nú á næstu árum, mun verða talsvert frægra en áður hefir verið. Og nú má skilja hvers vegna ég hafði hálfbúist við tíðindum slíkum sem prófessor Haraldur sagði mér þarna á götunni. En fáum hygg ég að ófarir hins franska miðils hafi verið meir til skapraunar en prófessor Richet, því að honum er það hið mesta áhugamál, að menn hætti að heimskast gegn slíkum fyrirburðum.

III

Ég skrifaði nú hinum fræga franska líffræðiöldungi, og sagði honum hvernig haga skal tilraunum, svo að alveg sé girt fyrir slys slík, sem nú hafa orðið á fundum með Einari Nielsen og Evu C. Bréfið var skrifað af öllu afli þeirrar sannfæringar, sem fengin er með langri rannsókn. Og er enginn vafi á því, að árangur verður að þessu sinni nokkur, þar sem ekki er við óvitran að eiga. Undirstöðuatriði í slíkum rannsóknum er að þekkja stillilögmálið, the law of determinants. Sjá Nýal, kaflann Uppgötvanasaga önnur. Það verður að rannsaka vandlega stillisgildi hvers einstaks

fundarmanns, áður en tilraunir eru gerðar. Eða m. ö. o., hvernig áhrif hver einstakur fundarmaður (sitter) hefir á miðilinn, og munu slíkar rannsóknir fá hina mestu þýðingu fyrir allt mannlíf. Sumt hugarfar stillir oss til sambands við illar verur, en sumt til sambands við góðar, og það jafnvel svo, að guðir mega heita. En um stillilögmálið mun ég rita nokkru nánar í annarri grein.

Annað undirstöðuatriði er að vita, að hver miðilfundur er tilraun til sambands við aðra stjörnu. (It must be known that every séance is an experiment in interstellar communication). Þetta eru orðin sem ég setti í bréfið, og þarf þó ekki svo mikils með. Því að það mun alveg nægja, sannleikanum til sigurs, að menn hafi í huga að gæta að því, hvort það sé ekki samband við aðra stjörnu, sem á miðilfundinum fæst. En undan því getur enginn færst, eftir það sem ég hefi til lagt í þessu máli, vilji hann beita nokkurri samvirkusemi við slíkar athuganir, að gæta að því, hvort þetta sé ekki þannig, sem ég hefi sagt.

IV

Í Ameríku kynni það þó að verða sem menn átta sig fyrst á þessu aðalmáli. Ég hefi fengið samband við merkilegt félag þar, fyrirburðarannsóknafélagið ameríska (The American Society for Psychical Research) og bréfin þaðan eru svo greindarleg, að ég hefi ástæðu til að ætla, að tilraunir mínar til að fá rannsóknnum rétt hagað, verði ekki árangurslausar.

En það verður mikil gleði „á himnum“ þegar þær tilraunir fara að takast, og jörð vor öðlast það samband við lífheim, er verður upphaf að endalokum hörmunganna. Í Ameríku var reynt að koma á þessu sambandi, skömmu fyrir miðja öldina sem leið, en tókst ekki, og spratt spiritisminn (andatrúin) upp af þeim tilraunum. Enn var reynt, nokkru eftir 1870, og tókst þá heldur ekki. Guðspekihreyfingin varð árangur þeirra tilrauna, og trú á hina svonefndu meistara í Tíbet.

En að þessu sinni munu tilraunirnar takast. Nú nýtur við þeirrar ættar, sem framsæknust hefir verið á jörðu hér, og fyrst fann Ameríku. Vænti ég málstað þessum mikils liðs af ýmsum Íslendingum sem vestanhafs eru. Mun það sýna sig, að ljósið kemur að þessu sinni, ekki úr austri, heldur úr vestri og norðri.

21. sept. '22